



Dalabyggð

Fréttabréf Dalabyggðar

2. tbl. 1. árg. desember 2000

Útgefandi: Dalabyggð

Ábm. Einar Mathiesen, sveitarstjóri

Fréttir

Ágæti viðtakandi meðal efnis í þessu fréttabréfi eru fréttir frá aðalfundum Hitaveitu Dalabyggðar ehf., Dalagistingar ehf. og Vesturbrautar 20 ehf. ásamt fréttum af spilliefnamóttöku.

Þá er rétt að minna sérstaklega á auglýsingu um jólatréð en kveikt verður á því á föstudaginn 8. desember n.k.

Umhverfismál - spilliefni

Á dögnum var gengið frá samningi við Sagaplast ehf. (dótturfélag Endurvinnslunnar hf.) á Akureyri um móttöku og flutning á spilliefnum. Þá hefur verið gengið frá samkomulagi við KM-þjónustuna ehf. Vesturbraut 20, um að fyrirtækið sjái um móttökuna. Með samningnum er jafnframt fyrirtækjum og stofnunum gert kleift að afhenda spilliefni frá starfsemi sinni og fá móttöku staðfesta í samræmi við starfsleyfi heilbrigðisyfirvalda.

Spilliefni eru af ýmsum toga og má þar nefna:

Rafgeyma, olíuúrgang, lífrænn leysiefnaúrgangur, málningar- og lakkúrgangur, límúrgangur, lútar og sýrur, dýra- og plöntueitur o.fl.

Íbúar og forsvarsmenn stofnana og fyrirtækja eru hvattir til að taka höndum saman og bæta umgengni með því að afhenda spilliefni til KM-þjónustunnar.

Aðalfundur Hitaveitu Dalabyggðar

Aðalfundur Hitaveitu Dalabyggðar ehf. var haldinn að Laugum í Sælingsdal þann 5. október s.l. Eigendur félagsins eru Dalabyggð sem á 73,30% eða 55 milljónir og Byggðastofnun sem á 26,70% eða 20 milljónir kr. Eftirtaldir

voru kjörnir í stjórn félagsins: Jónas Guðmundsson sem jafnframt er formaður stjórnar, Haraldur L. Haraldsson, Böðvar Magnússon, Guðmundur Pálmason og Magnús Stefánsson. Framkvæmdastjóri félagsins er Einar Mathiesen.

Kveikt á jólatréi

Kveikt verður á jólatréi sveitarfélagsins föstudaginn 8. desember n.k. kl. 17:00 á planinu við grunnskólann. Jólaveinar koma í heimsókn. Lúðrasveit tónlistarskólans flytur tónlist. Kaffi og kökur fyrir gesti og gangandi í Dalabúð að athöfn lokinni. Söngfélagið Vorboðinn annast undirbúninginn. Börn á öllum aldri sérstaklega hvött til að mæta.

Sveitarstjóri

Aðalfundur Dalagistingar ehf.

Aðalfundur Dalagistingar ehf. var haldinn að Laugum í Sælingsdal þann 5. október s.l. Núverandi eigendur félagsins eru Dalabyggð 39,60% Búnaðarsamband Dalamanna 27,22%, Byggðastofnun 25,32%, Flugleiðahótel 6,32%, Ágúst Magnússon 0,77% og Sigurður Eyjólfsson 0,77%. Á fundinum var samþykkt að auka hlutfé félagsins um 36,8 millj. kr. eða úr 30,0 millj. kr. í 66,8 millj. kr. Eftirtaldir voru kjörnir í stjórn félagsins: Sigurður Rúnar Friðjónsson (Dalabyggð), Einar Mathiesen (Dalabyggð), Bjarni Ásgeirsson (Búnaðarsamband Dalamanna), Magnús Stefánsson (Byggða-

stofnun) og Tryggvi Guðmundsson (Flugleiðahótel hf). Framkvæmdastjóri félagsins er Einar Mathiesen.

Aðalfundur Vesturbrautar 20 ehf.

Aðalfundur Vesturbrautar 20 ehf. var haldinn að Laugum í Sælingsdal þann 5. október s.l. Dalabyggð á allt hlutafé félagsins. Í stjórn félagsins voru kjörnir Sigurður Rúnar Friðjónsson, Ástvaldur Elísson og Gunnólfur Lárusson. Framkvæmdastjóri félagsins er Einar Mathiesen.

Íslenskunámskeið fyrir útlendinga

Til stendur að halda fimm vikna námskeið í íslensku fyrir útlendinga á Snæfellsnesi og í Búðardal snemma á næsta ári. Kennt verður í tvo tíma í senn, tvisvar í viku. Fjöldi námskeiða, námskeiðsgjald og staðsetning fara eftir þátttöku. Þeir sem hugsanlega vilja sækja slíkt námskeið eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Félags- og skólalþjónustu Snæfellinga eða Símenntunarmiðstöð Vesturlands þar sem nú fer fram áhugaskráning sem verður höfð að leiðarljósi við skipulag námskeiðanna.

Skráningin er hvorki bindandi fyrir þá sem skrá sig né námskeiðshaldara.

Félags- og skólalþjónusta Snæfellinga
s:4307800 sfs.sig@xnet.is
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi
s: 437-2390 ingasig@simenntun.is

Tal - gsm

Skipulags- og byggingarnefnd hefur samþykkt að veita Tal hf. heimild til að setja upp sendi í Búðardal. Sendir hefur verið settur upp í Dalabúð sem þjóna á Búðardal og nágrenni. Gert er ráð fyrir

að gsm-samband á vegum Tal hf. verði tekið í notkun á allra næstu dögum. Samkeppni á sviði fjarskipta í gsm-símakerfinu er neytendum til góða. Fréttabréfið býður Tal hf. velkomið í byggðarlagið.

Sameining sveitarfélaga

Sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur ósakað eftir því að sameiningarviðræðum milli Reykhólahrepps, Saurbæjarhrepps og Dalabyggðar sem slitið var í lok síðasta árs verði teknar upp að nýju. Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 21. nóvember að taka þátt í viðræðunum. Fulltrúar Dalabyggðar í viðræðunefndinni eru Sigurður Rúnar Friðjónsson, oddviti, og Þorsteinn Jónsson, sveitarstjórnarmaður, þá mun sveitarstjóri sitja fundina. Nánar verður fjallað um málið síðar.

Auglýsing frá hitaveitunni

Tengingar á íbúðarhúsnæði við hitaveituna eru hafnar. Íbúar og húsráðendur eru hvattir til að undirbúa og hraða tengingu við hitaveituna svo þeir njóti sem fyrst þæginda heita vatnsins. Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins eða í síma 434-1132.

- hagur okkar allra -

Framkvæmdastjóri

Meðal efnis í næsta fréttabréfi:

- ✓ Ákvörðun um álagningu gjalda árið 2001.
- ✓ Hitaveitan - framfaraskref
- ✓ Sveitarstjórnarpunktur.
- ✓ Auglýsingar o.fl.

Með kveðju frá ritstjóra